



MeRkiN í DRekaskátuNuM

HVATAKERFI DREKASKÁTASTARFS

Merkin í drekaskátunum

© Bandalag íslenskra skáta

Bandalag íslenskra skáta, september 2015

Ritstjórn: Benjamín Axel Árnason
og Ólafur Proppé

Umbrot: Guðmundur Pálsson / kontent.is

Drekaskátamerkið og myndmerkið Drekaskátar eru hönnuð af Birgi Þór Ómarssyni grafískum hönnuði.

Grafík og framleiðsla drekapokamerkjanna er unnin af Det Danske Spejderkorps (DDS) og merkin birt og notuð með heimild samtakanna.

Grafískar táknmyndir þroskasviðanna sex sem notaðar eru sem markmiðamerki eru höfundarréttarvarin eign WOSM (Inter american Scout region) og unnin upp úr bókinni Guía para dirigentes de Manda.

Grafískar táknmyndir verkefnamerkjanna eru hannaðar af Búa Kristjánssyni fyrir skátana og er honum þökkuð heimild til notkun merkjanna.

Ljósmyndir eru úr myndasafni Bandalags íslenskra skáta.

Öll réttindi áskilin.

Hefti þetta má afrita og prenta út að vild, hvort heldur í heild sinni eða einstaka kafla.

Sé efninu skeytt inn í aðra útgáfu skal geta heimildar. Óheimilt er að breyta texta heftisins.



Bandalag íslenskra skáta

Hraunbæ 123 – 110 Reykjavík

Sími: 550 9800 – skatar@skatar.is – www.skatar.is

MeRkin í DRekaskátuNum

HVATAKERFI DREKASKÁTASTARFS

Merkin í skátunum	5
Drekaskátamerkin	6
Verkefnamerkin	7
Útilífsmerkin	8
Sérkunnáttumerkin	9
Markmiðamerkin	10
Skógarmerki drekaskáta	11
Drekaskátabókin	12
Framfaratafla drekaskáta	13
Drekaskátakortið	13
Drekaskátapokinn	14
Drekapokamerkin	14

MeRkiN í skátuNuM

Merki, viðurkenningar og ýmis ytri einkenni hafa fylgt skátastarfi frá upphafi skátahreyfingarinnar.

Merkin og ytri einkennin hafa tilgang, sum gefa til kynna hvaða hóp eða hópum skátinn tilheyrir, td. merki Skátanna, merki skátafélags, merki skátasveitar og merki skátaflokks.

Önnur merki tengjast starfi og viðfangsefnum skátanna, þau eru ýmist:

- **Hvatamerki** – hvatning og tákn um hvaða verkefnum skátinn er að vinna að.
- **Viðurkenningamerki** - tákn og staðfesting á að skátinn hafi lokið tilteknu verkefni eða áfanga í starfi.

Þannig fá drekaskátarnir, verkefnamerki þegar þeir ljúka sveitarverkefni, dagferðamerki þegar þeir ljúka dagferð, útilegumerki þegar þeir taka þátt í skátaútilegu og skátamótsmerki þegar þeir sækja skátamót. Einnig geta þeir unnið sér inn sérkunnáttumerki og þeir fá markmiðamerki þegar þeir setja sér persónulegar áskoranir við áfangamarkmið skátastarfsins.

Það er mikilvægt að afhenda skátunum hvata- og viðurkenningamerki við látlausa en svolítið hátíðlega athöfn, td. í lok fundar, ferðar eða útilegu, það eykur gildi merkjanna og það sem þau standa fyrir gagnvart skátunum.

DrekaskátameRkin

Drekaskátamerkin eru þrjú, eitt fyrir hvert aldursár í drekaskátastarfi.

- Bronsdrekinn
- Silfurdrekinn
- Gulldrekin



Bronsdrekinn

Drekaskátamerkin eru borin á skátaflút skátans sem tákn um aldur hans og þátttöku í drekaskátastarfinu.

- **Bronsdrekann** fær skátinn afhentan á sveitarfundi eða við merkisathöfn þegar hann er vígður inn í skátasveitina.
- **Silfurdrekann** fær skátinn afhentan á fyrsta sveitarfundi eða við fyrstu merkisathöfn þegar hann er á öðru aldursári fálkaskátastigsins.
- **Gulldrekan** fær skátinn afhentan á fyrsta sveitarfundi eða við fyrstu merkisathöfn þegar hann er á þriðja aldursári aldurstigsins.



Silfurdrekinn

Sem dæmi fær drekaaskáti sem gengur í drekaskátasveit haustið eða veturinn þegar hann er níu ára eða á níunda aldursári afhentan gulldrekan við inngöngu í skátasveitina.

Ef skátinn fylgir árganginum á undan eða eftir í skóla ákveða hann og sveitarforingi hans í sameiningu hvaða merki drekaskátinn fær afhent.



Gulldrekin

veRkeFNaMeRkin



Hjálpsemi og
samfélag



Útilíf og
umhverfi



Listir og menning



Íþróttir og
heilsa



Tækni og vísindi

Sveitarverkefnaamerki drekaskáta eru fimm, eitt fyrir hvern verkefnaflokk.

- Hjálpsemi og samfélag
- Útilíf og umhverfi
- Listir og menning
- Íþróttir og heilsa
- Tækni og vísindi

Skátarnir í sveitinni fá verkefnaamerki fyrir hvert sveitarverkefni sem þeirra vinna sameiginlega að með skátasveitinni sinni.

- Sveitarverkefnið þarf að vera valið og samþykkt af skátunum í sveitinni á sveitarþingi.
- Sveitarverkefnið þarf að vera undirbúið, framkvæmt og metið af skátunum í sveitinni.

Val sveitarverkefna fer alltaf fram á sveitarþingum að lokinni umræðu á sveitarfundum og einhverskonar atkvæðagreiðslu á sveitarþingi.

Sveitarverkefnið getur verið unnið á fundum, í ferðum eða útilegum skátasveitarinnar.

Vinna við sveitarverkefni frá því að það er valið og þar til það er metið getur tekið hluta tveggja til fjögurra sveitarfunda og jafnvel eina ferð eða hluta úr útilegu.

Ef sveitarverkefnið er stórt og tekur lengri tíma fellur það oft undir tvo eða fleiri verkefnaflokka. Sveitarforingjar skátasveitarinnar geta samþykkt að skátarnir fái fleiri en eitt sveitarverkefnaamerki fyrir þannig verkefni.

Sveitarverkefnaamerkin eru límd á:

- Merkjasiðurnar í leiðarabók skátans
- Framfaratöflu sveitarinnar í skátaheimilinu
- Drekaskátakort skátans heima hjá honum

ÚtilífsMeRkin

Útilífsmerki skáta eru í þremur flokkum.

- Dagsferðir
- Útilegur
- Skátamót

Útilífsmerkin eru veitt fyrir þátttöku í útivistarverkefnum drekaskátasveita.

- Útivistarverkefnið getur tengst eða verið hluti af öðrum sveitarverkefnum í skátastarfinu. Ef skátasveitin fer í dagsferð til að vinna að sveitarverkefni, td. í verkefnaflokknum „Hjálpsemi og samfélag“ getur skátinn fengið bæði „Dagsferðamerki“ og „verkefnamerki“ fyrir sama verkefnið.
- Útivistarverkefnið þarf að vera með undirbúið með dagskrá, framkvæmt og metið af skátunum í drekaskátasveitinni.

Útilífsmerkin eru límd á:

- Merkjasiðurnar í leiðarabók skátans
- Framfaratöflu flokksins eða sveitarinnar í skátaheimilinu
- Drekaskátakort skátans heima hjá honum



Dagsferðir



Útilegur



Skátamót

SérkunnáttuMeRkin

Sérkunnáttumerki drekaskáta eru í fimm flokkum.



Hjálpssemi

- Hjálpssemi
- Útilíf
- Listir
- Íþróttir
- Tækni



Útilíf

Sérkunnáttuverkefni eru einstaklingsverkefni og tengjast ekki beint starfi drekaskáta-sveitarinnar.

Hver drekaskáti velur og mótar sitt sérkunnáttuverkefni í samráði sveitarfóringja eða sérkunnáttufóringja í skátafélaginu. Verkefni og þær kröfur sem þau gera til skátans geta því verið mjög mismunandi og ólíkar á milli skáta, jafnvel þó að verkefni beri sama heiti og tilheyri sama sérkunnáttuflokki.



Listir

- Sérkunnáttuverkefnið þarf að vera valið af skátanum og samþykkt af sveitarfóringja eða sérkunnáttufóringja.
- Sérkunnáttuverkefnið þarf að vera með fyrirfram skilgreint markmið, undirbúið, framkvæmt og metið af skátanum.



Íþróttir

Vinna við sérkunnáttuverkefni frá því að það er valið og þar til það er metið getur tekið allt frá nokkrum vikum upp í nokkra mánuði.

Sérkunnáttumerkin eru límd á:

- Merkjasiðurnar í leiðarabók skátans
- Framfaratöflu flokksins eða sveitarinnar í skátaheimilinu
- Drekaskátakort skátans heima hjá honum



Tækni

MaRkmiðameRkin

Markmiðamerki drekaskáta eru í sex flokkum.

- Hraust og heilbrigð eins og Bagheera
- Snjöll eins og Kaa
- Skynsöm og vitur eins og Baloo
- Trygg og vingarleg eins og Rikki tikki tavi
- Umhyggjusöm eins og Kotic
- Vinir lífsins eins og Frans



Bagheera



Kaa



Baloo

Markmiðamerkin eru veitt fyrir vinnu hvers skáta að persónulegum áskorunum sínum, þær eru einstaklingsverkefni og tengjast ekki beint starfi og skátasveitarinnar.

- Við upphaf hvers dagskrárhings velur hver skáti sér áfangamarkmið að vinna að og setur sér persónulega áskorun sem leið til að vinna að því áfangamarkmiði.
- Skátinn (með aðstoð foreldra eða sveitarfóringja) skrifar áskorunina í leiðarþókina sína og kynnir hana og ræðir við sveitarfóringja eða umsjónarfóringja sinn.
- Við lok dagskrárhingsins hittast skátinn og sveitarfóringinn eða umsjónarfóringinn aftur og ræða hvernig tekist hefur að vinna að áskoruninni.

Áskoranir hvers skáta geta því verið mjög mismunandi og ólíkar áskorunum annarra skáta í sveitinni jafnvel þó að þeir séu að vinna að sömu áfangamarkmiðum.

- Skátinn velur sér sjálfur fjögur til sex áfangamarkmið að vinna að hverju sinni, æskilegt er að markmiðin séu úr ólíkum markmiðaflokkum.
- Skátinn setur sér sjálfur persónulegar áskoranir við þau markmið sem hann valdi og kynnir þau og ræðir við sveitar- eða umsjónarfóringjann við upphaf hvers dagskrárhings sveitarinnar.
- Markmið og persónulegar áskoranir hvers einstaks skáta hafa ekki áhrif á verkefna- og skátasveitarinnar.
- Skátinn fær markmiðamerki í leiðarþókina sína þegar hann er búinn að skrifa áskorun sína í þókina og kynna hana og ræða við sveitar- eða umsjónarfóringja sinn. Merkið er þannig tákn um að skátinn sé að vinna að markmiðinu með áskorun sinni.
- Sveitar- eða umsjónarfóringinn stimplar eða árita áskorunina í leiðarþókinni í viðtali við skátann við lok dagskrárhingsins sem áskorunin tilheyrði.



Rikki tikki tavi



Kotic



Frans

Tímarammi vinnu að hverri áskorun miðast við tímalengd hvers dagskrárhings skátasveitarinnar, þó svo að hver skáti vinni auðvitað áfram að áskorunum sínum alla ævi.

SKÓGARMERKI DREKASKÁTA



Skógarmerkið

Skógarmerkið er æðsta merkjaviðurkenning hvers drekaskáta.

Skátinn vinnur að Skógarmerkinu á lokaári í drekaskátastarfinu. Áætlað er að vinna að Skógarmerkinu taki hvern drekaskáta 6 til 12 mánuði.

Skógarmerkið er viðurkenning á að skátinn vilji og leitist við að verða „leiðtogi í eigin lífi“ og byggir bæði á þátttöku hans og framlagi í sveitarstarfinu og metnaði hans og vinnu við að þroskast sem sjálfstæður, virkur og ábyrgur einstaklingur.

Til að hljóta Skógarmerki drekaskáta þarf skátinn að hafa unnið sér inn:

- Eitt Verkefnamerki á drekaskátapokann sinn
- Eitt Sérkunnáttumerki á drekaskátapokann sinn
- Eitt Markmiðamerki á drekaskátapokann sinn
- Eitt Útilífsmerki á drekaskátapokann sinn

Sveitarforingjar skátasveitarinnar leggja mat á framlag skátans og ákvarða hvort hann fær Skógarmerkið afhent.

Skátinn fær merki til staðfestingar á að hann sé að vinna að Skógarmerkinu í leiðar-bókina sína, á framfaratöfluna og á Drekkaskátakortið sitt.

Skógarmerkið sjálft er ofið merki og er afhent við hátíðarathöfn skátasveitarinnar undir lok síðasta starfsárs skátans með drekaskátasveitinni sinni.

Skógarmerkið fylgir skátanum úr drekaskátastarfi í fálkaskátastarf og á milli annarra aldursstiga.

DrekaskátaBÓKIN

Drekaskátabókin er nokkurskonar leiðarbók drekaskáta í skátastarfinu.

Allir drekaskátar þurfa að eiga leiðarbókina því hún er full af hugmyndum, leiðbeiningum og upplýsingum um drekaskátastarfið. Í bókinni eru einnig fjöldi lítilla verkefna til umhugsunar og annað sem gagnlegt og skemmtilegt er fyrir skátana að kynna sér.

Í bókina skrifar hver drekaskáti persónulegar áskoranir sínar, eða biður foreldra eða sveitarforingja sína um aðstoð við að skrifa þær í bókina.

Síðast en ekki sist eru í bókinni blaðsíður fyrir öll merki starfsgrunns drekaskáta:

- Verkefnamerkin
- Útilífsmerkin
- Sérkunnáttumerkin
- Markmiðamerkin
- Drekaskátamerkin
- Skógarmerkið



Mikilvægt er að hver sveitarforingjahópur setji sveitinni sinni einfaldar og skýrar reglur um notkun og afhendingu merkja í starfinu. Hafa þarf í huga að sum merkin eru hvatamerki sem afhenda ætti fyrirfram sem hvatningu, en önnur viðurkenningamerki sem afhent eru að viðfangsefni loknu.

Útilífsmerkin og sérkunnáttumerkin fást í Skátabúðinni í þremur mismunandi litum. (fjólublá, ljósgræn og ljósblá) Sveitarforingjar drekaskátasveitarinnar ákveða hvernig sveitin nýtir þessa þrjá ólíku liti merkjanna í starfi sínu.


Ef skátarnir nota einnig „framfaratöflur“ drekaskáta í skátaheimilinu og „Drekaskátakortið“ heima hjá sér, fá þeir alltaf afhent þrjú eintök af hverju merki, eitt til að líma í bókina, annað á framfaratöfluna og það þriðja á Drekaskátakortið.

FRAMFARATAFLA DREKASKÁTA



Framfaratafla drekaskáta er gagnleg og skemmtileg leið til að halda utan um og sýna merkin sem skátarnir ávinna sér.

Hver skáti velur sér einhvern lit af sexhyrndum platta og er nafn skátans skrifað á plattann. Plattarnir eru svo límdir á vegg í skátaheimilinu þannig að hver sveit raðar saman sinni framfaratöflu. Plattana má einnig líma tvo og tvo saman og hengja upp í óróa eða koma fyrir á annan skemmtilegan máta í skátaheimilinu.



Framfaratöflurnar eru ágæt birtingarmynd af áherslum og virkni skátanna í drekaskátasveitinni.

Ef einhver drekaskáti fyllir plattann sinn áður en starfsári lýkur fær hann nýjan platta við hlið þess fyrri á framfaratöfluna. Ef einhver hættir í skátasveitinni eða flytur sig í aðra drekaskátasveit, tekur hann plattann sinn með sér.

Flestar drekaskátasveitir setja sér þá reglu að allir skátarnir byrja með nýjan merkjalausan platta í upphafi hvers starfsárs.

Drekaskátaplattarnir fást í Skátabúðinni í átta mismunandi litum.

DREKASKÁTAKORTIÐ



Margir drekaskátar eru spenntir fyrir að eiga Drekaskátakortið, þeir hengja það upp á vegg í svefnherberginu sínu og líma merkin sín á það. Þannig geta mamma og pabbi, systkini og vinir séð hve vel þeim gengur með viðfangsefnin í skátastarfinu.

Drekaskátakortið getur þannig verið hvetjandi fyrir skátann og upplýsandi fyrir fjölskyldu hans og vini. Jafnvel tilefni til umræðu um viðfangsefnin í starfinu og skátastarfið almennt.

Miðað er við að hver skáti eignist nýtt Drekaskátakort á hverju starfsári í drekaskátunum.

Drekaskátakortið fæst í Skátabúðinni.

DrekaskátaPOKINN

Drekaskátapokinn er lítill gulur bakpoki sem drekaskátarnir nota á ýmsan hátt í starfinu. Pokinn nýttast undir dót sem skátarnir eiga að koma með á fundi og undir skilaboð frá sveitarforingjum til foreldra skátanna. Gott er að hafa í pokanum lítið plastumslag eða poka fyrir þau límmerki sem skátarnir fá afhent og svo er auðvitað kjörið fyrir skátana að stinga Drekaskátabókinni sinni í pokann þegar þeir eiga að hafa hana með sér á fund.

Drekaskátapokann er hægt að kaupa í Skátabúðinni en einnig geta drekaskátasveitir útbúið sína eigin poka. Nokkrir handlagirnir foreldrar eða drótt- eða rekkaskátasveitir skátafélagsins gætu þar orðið að liði.



Írskir sveitarforingjar drekaskáta nota pokann einnig sem „minningapoka“ þannig að í lok verkefnis sem sveitin er að vinna fá drekaskátarnir lítinn minjagrip um verkefnið til að stinga í pokann sinn. Til dæmis litla skel í lok fjöruferðar, lítinn plástur í lok skyndihjálparverkefnis, laufblað eða litla trjágrein í lok skógarferðar osfrv. Við heimkomu auðveldar það skátanum að rifja upp og segja foreldrum sínum frá verkefninu.

DRekaPOkaMeRKiN

Drekapokamerkin eru viðurkenningamerki sem saumuð eru á Drekaskátapokann.

Þau eru:

- **Verkefnamerki** fyrir þátttöku í samtals átta sveitarverkefnum, þ.e. þegar skátinn hefur fengið átta sveitarverkefnamerki í Drekaskátabókina sína fær hann afhent eitt sveitarverkefnamerki til að sauma á pokann sinn.
- **Útílfsmerki** fyrir þátttöku í samtals sex dagferðum eða útilegum sveitarinnar, þ.e. þegar skátinn hefur fengið sex útílfsmerki í Drekaskátabókina sína fær hann afhent eitt útílfsmerki til að sauma á pokann sinn.
- **Markmiðamerki** fyrir að ljúka við 10 persónulegar áskoranir í amk. fimm áfangamarkmiðaflokkum, þ.e. þegar skátinn hefur fengið 10 árituð eða stimpluð markmiðamerki í Drekaskátabókina sína fær hann afhent eitt markmiðamerki til að sauma á pokann sinn.
- **Sérkunnáttumerki** fyrir að ljúka sex sérkunnáttuverkefnum, þ.e. þegar skátinn hefur fengið sex árituð eða stimpluð sérkunnáttumerki í Drekaskátabókina sína fær hann afhent eitt sérkunnáttumerki til að sauma á pokann sinn.



Verkefnamerki



Útílfsmerki



Markmiðamerki



Sérkunnáttumerki



MeRkin í DreKaskátuNum

Merki, viðurkenningar og ýmis ytri einkenni hafa fylgt skátastarfi frá upphafi skátahreyfingarinnar.

Merkin og ytri einkennin hafa tilgang, sum gefa til kynna hvaða hóp eða hópum skátinn tilheyrir, td. merki Skátanna, merki skátafélags, merki skátasveitar og merki skátaflokks en önnur merki tengjast starfi og viðfangsefnum skátanna.

Í þessu hefti er að finna yfirlit yfir þau merki sem snúa að skátastarfi drekaskáta. Annars vegar er um að ræða **hvatamerki**, sem eru í senn hvatning og tákn um hvaða verkefnum skátinn er að vinna að og hins vegar **viðurkenningarmerki** sem eru tákn og staðfesting á að skátinn hafi lokið tilteknu verkefni eða áfanga í starfi.